



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

21. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn
miðvikudaginn 5. apríl 1978 í skólanum. Hófst hann
kl. 20³⁰.

Mættir voru: skólameistari, aðstoðarskólameistari,
formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Guðrún Sigurðar-
dóttir, Ómar Bjarnþórsson, Eggert Ólafsson og Hreinn
Ásgrímsson.

I. Tilkynningar:

1) Skólameistari upplýsti að haldinn hefði verið
á Akranesi skólameistarafundur þann 3. þ.m.
Á þeim fundi var samþykkt að láta prenta sameiginlegan
námsvísi fyrir áfangakerfisskólana fimm, svo og
námslýsingar og verði gefinn út í sumar og gildi fyrir
alla nýnema.

2) Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur
samþykkt að veita Fjölbrautaskóla Suðurnesja og
Flensborgarskóla heimild til að brautskrá sjúkraliða
frá heilsugæslubraut.

Nánari upplýsingar þar um er að finna í 8. tbl. Blaðsins.

3) Þann 21. apríl n.k. verður haldin í Iðnskólanum
í Reykjavík ráðstefna um stefnu og framtíð iðnfræðslu
á Íslandi. Mun Jón Böðvarsson skólameistari verða
meðal framsögumanna og mun þá fjalla um verkmenntunar-
stefnumið í Evrópu.

II. Nýjar námsbrautir:

Rætt var um framtíð hársnyrti- og málmiðnaðarbrauta
og m.a. möguleika á 2. stigs námi á þeim brautum, en
engar ákvarðanir voru teknar.

Hins vegar var ákveðið að stefna að framhaldi á tré-
iðnaðarbraut.

Á athugunarstigi er hvort möguleikar eru á að fá
heimild til að taka upp kennslu 2. stigs á
vélstjórabraut.

Þá var einnig um það rætt hvernig unnt væri að
koma mynd- og handmennt í auknum mæli inn á námsskrá
skólans.

III. Kennararáðningar:

29 kennarar skólans af 32 sem ekki eru skipaðir
í stöður við skólann, hafa sótt um endurráðningu
næsta skólaár.

Samþykkt var að auglýsa þær stöður sem ekki eru
skipaðar réttindamönnum lausar til umsóknar.

IV. Byggingamál skólans:

Bygginganefnd Keflavíkur hefur samþykkt teikningar
að byggingu efri hæðar skólans.

Vinnuteikningar munu þó ekki verða tilbúnar fyrr en
eftir mánaðamótin apríl-maí. Lokið hefur verið við
gerð tímaáætlunar verksins þar sem gert er ráð fyrir
að hefja framkvæmdir í maí og að þeim ljúki fyrir
1. september n.k.

V. Önnur mál:

Formaður las upp eftirfarandi tillögu, sem
samþykkt var á fundi skólanefndar Keflavíkur þann
3. apríl s.l.

"Þar sem fyrirsjáanlegt er að leysa þarf húsnæðismál
Grunnskólans og Fjölbrautaskólans sameiginlega,
samþykkir skólanefnd að halda saman fund skólastjóra,
yfirkennara og fulltrúa skólanefndanna til að ræða
þessi mál."

Skólanefnd F.S. samþykkir að verða við þessari ósk
skólanefndar Keflavíkur, og var samþykkt að Hreinn
Ásgrímsson og Jón Hólmgeirsson verði fulltrúar
skólanefndarinnar.

Skólameistari upplýsti að Wickmannverksmiðjurnar í Noregi hefðu boðið einum kennara skólans, Óskari Jónssyni, á námskeið hjá verksmiðjunum. Er honum boðið ókeypis uppihald, en ferðakostnað verður hann sjálfur að greiða. Skólanefnd samþykkir að veita Óskari einhvern styrk til fararinnar.

Skólanum hefur borist bréf frá Unglinganefnd K.S.Í., dags. í mars 1978, þar sem farið er fram á að einn nemandi skólans, Bjarni Sigurðsson, fái frí í skólanum dagana 3. - 11. maí til að leika með unglingalandsliði K.S.Í. í Evrópukeppni unglingalandsliða í knattspyrnu.

Þá hefur skólanum einnig borist bréf frá Handknattleiks-sambandi Íslands dags. 30.03.78, þar sem óskað er leyfis fyrir einn nemanda skólans, Sigurð Björgvinsson, dagana 11. - 17. apríl, þar sem hann hefur verið valinn í íslenska unglingalandsliðið í handknattleik, en liðið er á förum til Noregs til þátttöku í Norðurlandamóti.

Skólanefndin telur að umræddir nemendur verði sjálfir að gera upp við sig hvort þeir vilji og treysti sér til að taka sér frí úr skólanum til þátttöku í mótum þessum.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 23³⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson